

## Grímshagi ehf.

Stjórnarfundur 29/01 2013

Fundur í stjórn Grímshaga ehf haldinn á Hvanneyri 29. janúar 2013 kl. 11:00.

Mættir: Guðrún Sigurjónsdóttir stjórnarformaður, Jóhannes Sveinbjörnsson og Þorvaldur T. Jónsson meðstjórnendur, Lárus Pétursson framkvæmdastjóri.

1. Fundargerðir frá 2. október 2012 og 27. nóvember 2012 samþykktar og undirritaðar.
2. Starfsreglur stjórnar. Stjórn Grímshaga ehf ber að setja sér starfsreglur sbr lög um einkahlutafélög. Rætt um mótun slíkra reglna og hvert eigi að vera innihald þeirra. ÞTJ falið að móta drög að starfsreglum.
3. Starfsreglur fagráðs. Í samstarfssamningi Grímshaga ehf og Lbhí er kveðið á um að starfræktur sé faghópur búrekstrar sem styðji við starfsemi og stefnu Grímshaga eftir atvikum. Rætt um þau atriði og áherslur sem koma ættu fram í erindisbréfi fyrir faghóp. Samþykkt að formaður geri drög að slíku bréfi.
4. Skýrsla MAST vegna fjósaskoðunar. Fyrir liggur skoðunarskýrsla héraðsdýralæknis vegna eftirlits í Hvanneyrarfjosi þann 27. nóvember 2012. Í skýrslunni eru nokkrar ábendingar og lúta flestar þeirra að aðbúnaði nauta í Þórulág. Rætt um viðbrögð og úrbætur, ljóst er að lítil lofthæð og önnur aðstaða nautafjóssins gerir það að verkum að erfitt er að gera þar fyrirmyndaraðstöðu fyrir nautgripi jafnvel þó hún standist öll ákvæði reglna. Meta þarf framtíð nautaeldisins með tilliti til þessa.
5. Önnur mál. Rætt um fyrirkomulag aðalfundar sem haldinn verður eigi síðar en um miðjan apríl, stefnt er að því að ganga frá endurskoðuðum samstarfssamningi Lbhí og Grímshaga fyrir fundinn eða í tengslum við hann. Jafnframt ákveðið að næsti stjórnarfundur verði um mánaðamót febrúar/mars eða þegar ársuppgjör 2012 liggur fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20